

Skjápersónur skrifast á

"Hæ Begga, ég er líka á mikilli hraðferð svo það verða bara tvær línur í þetta skipti ☺ Sjáðu, ég er búinn að læra að gera broskalla. Sá þá stundum í bréfunum frá þér og prófaði mig áfram ☺ Vildi segja þér að ég hélt út daginn í vinnunni og þó ég fái enn mikla ónotatilfinningu oft á dag og kvíði fyrir að segja fjölskyldunni frá þessu hef ég nú horfst í augu við þennan sérkennilega raunveruleika... (93)

Í *Geislaþráðum*, nýrri bók eftir nýjan höfund, Sigríði Pétursdóttur, er hvorki sögumanni eða hefðbundinni atburðarás til að dreifa, heldur stíga skjápersónur fram í tölvupóstum sem ganga á milli fólks um ýmis hjartans mál. Þetta eru eins konar bréfasögur, steiptar í bókarform þar sem "from-sent-to-subject" er fyrirsögn á hverjum kafla. Fleiri hafa spreytt sig á svipuðu formi síðustu ár með misjöfnum árangri.

Í minni sveit var það flokkað sem gægjur og hnýsni að lesa annarra manna bréf. Hér er þó aðeins gægst örstutt og kurteislega inn hjá fólki og samskipti þeirra skoðuð. Persónurnar eru ótrúlega venjulegar, skilningsríkar, sveigjanlegar og jákvæðar og fyrir vikið verða sögurnar keimlíkar og bragðdaufar. Hér er t.d. enginn annar en hann sýnist vera eins og oft gerist í stafrænum samskiptum og sýndarrými. Form bókarinnar er því tæplega nógu sannfærandi né möguleikar þess nýttir til fulls. Efnið er úr ýmsum áttum, sagt er frá af hressilegri unglingsstúlku sem leynir forelda sína því að hún er ólétt og trúir gamalli konu í Ástralíu fyrir raunum sínum, tvær konur uppgötva að þær elska sama manninn, hræðilegt leyndarmál úr fortíðinni er afhjúpað og sagt er frá brúðkaupi, búsáhaldabyltingu og útrásarvíkingum. Þá eru settar fram ýmsar pælingar um siðferði, tilviljun og örlög, stóriðju og sjálfstæði þjóðar auk þess sem ástin getur kviknað í tölvupósti.

Galli er að flest bréfin eru að jafnaði of vel uppbyggð og skrifuð til að geta verið sannfærandi tölvupóstar, þar sem algengt er að láta vaða á súðum og skeyta lítt um byggingu og stíl. Elstu tölvupóstarnir eru frá 1998, langir og ítarlegir, og þeir nýjustu eru frá 2010 og eru þeir mun styttri sem endurspeglar að margvísleg netsamskipti og samskiptavefir eins og facebook hafa að miklu leyti komið í stað formlegra bréfaskrifta á undanförunum árum. Löng tölvubréf heyra því brátt sögunni til líkt og handskrifaðir fyrirrennarar þeirra og dregur það nokkuð úr trúverðugleika bókarinnar.

Hér er sitthvað forvitnilegt og sumt með ádeilubroddi, ágæt hugmynd og áhugavert efni en verulega skortir á að úrvinnslan sé nógu spennandi.

Sigríður Pétursdóttir

Geislaþræðir

Uppheimar 2010